


# ÁRSEL í Rangárþingi ytra


## Deiliskipulag frístundalóða



Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000.



Skýringaruppdráttur í mkv. 1:4.000.



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

##### Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær yfir um 3,6 ha af jörðinni Árseli (landnr. 199844) sem er í heild um 53,6 ha. Deiliskipulagið tekur til þriggja frístundalóða. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Skv. aðalskipulagi er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á hverri jörð, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundasvæði.

##### Kortagrunnar

Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunn gögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnit eru í ISN93.

##### Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000.
- Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:4.000 sem sýnir hugmyndir um staðsetningu húsa og aðkomu að svæðinu.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsupprætti fyrir Rangárþing ytra 2010-2022.

##### Fornminjar

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

#### 2. SKILMÁLAR DEILISKIPULAGS

##### Aðkoma

Aðkoma að Árseli er af Bjallavegi (nr. 272) og um núverandi aðkomuveg að jörðinni. Bilastæði eru innan hvorrar lóðar.

##### Fristundalóðir

Afmarkaðar eru þrjár frístundalóðir sem, hver um sig, er um 1 ha að stærð. Á hverri lóð er heimilt að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús, allt að 30 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 50 m<sup>2</sup> gróðurhús/geymslu. Mænishæð húsa getur verið allt að 5 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsinn.

##### Vatnsveita

Byggðin mun fá vatn frá vatnsveitu sveitarfélagsins.

##### Frárennsli

Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki, verði því við komið. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

##### Rafveita

Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

#### 3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

##### Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjáls.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann \_\_\_\_\_

f.h. Rangárþings ytra

 <b>ÁRSEL</b> Deiliskipulag	Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8613 DF128 Mkv: 1:2.000 / 1:8.000 Blaðstærð: A3	Dags: 08.07.2013 Breytt:
	Hannað: GG, AJ, IS Teiknað: IS	Samþykkt:	